

Nr. 077 / 12 Björg B. SH 105**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6946
Smíðaður: Hafnarfjörður 1987 plast
Stærð: 4,4 brl. 4,6 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 7,81 m
Breidd: 2,42 m Dýpt: 0,88 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 2002
Fjöldi skipverja: 1



Björg B. ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júlí 2012 var Björg B. SH 105 á handfæraveiðum skammt norður af Búlandshöfða á Breiðafirði. Veður: Logn

Á veiðunum varð skipstjóri var við gangtruflanir í vélinni og í ljós kom að gat var komið á eldsneytisrör (spíssarör) svo olían sprautaðist út í vélarrúmið. Hann óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Reynir frá Grundarfirði dró Björgu B. SH inn til Grundarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að festing hafði brotnað vegna titrings að mati útgerðaraðila og rörið verið því án æskilegs stuðnings.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að fylgjast reglulega með festingum eldsneytisröra.